

**LÖG**  
**um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar,**  
**með síðari breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,  
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,  
*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Sjúkratryggingar taka eingöngu þátt í greiðslum skv. 1. mgr. vegna tannlæknaþjónustu aldraðra, öryrkja, barna og unglinga yngri en 18 ára og skal ráðherra setja reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga.

b. 4. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. maí 2005.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

**Halldór Blöndal.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**

*Valgerður Sverrisdóttir.*